

Sumarstörf 2015, staða mála 24. apríl 2015 – Minnisblað

505 umsóknir bárust í sumarstörf fyrir árið 2015. Erfitt er að áætla fjölda umsækjenda þar sem margir sækja um fleiri en eitt starf og einhverjir eru með lögheimili utan Garðabæjar og munu fá höfnun. Ráðið verður í rúmlega 60 störf sem eru ekki hluti af svokölluðu umhverfisverkefni (garðyrkja og vinnuskóli).

Reiknað er með að um 80 starfsmenn verði í stofnunum Garðabæjar og fram hafa komið óskir frá íþrótt- og tómstundafélögum í Garðabæ sem nema 79 starfsmönnum og ekki hefur borist formleg ósk frá Stjórnunni ennþá sem hefur verið með flesta starfsmenn undanfarin ár. Mikil aukning hefur verið hjá félögunum frá árinu 2009 en þá voru 56 starfsmenn í sumarstörfum hjá félögunum en árið 2014 voru þeir um 120. Félögum hefur einnig fjölgað, sérstaklega eftir sameiningu Garðabæjar og Álftanes.

Umsóknarfrestur um sumarstörf 2015 rann út 23. mars en opnað var fyrir umsóknir á biðlista sem er opin til 1. maí eins og undanfarin ár og á þessum lista eru 134 umsækjendur í dag.

Fyrir 100 miljónir króna eins og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir er hægt að ráða 250 sumarstarfsmenn, 80 fædda árið 1996 og 170 fædda 1997 eða fyrr.

Við þessa útreikninga bætist við kostnaður vegna flokkstjóra, ýmisleg aðföng og þjónustukaup eins og bílaleigubílar, og rútuferðir.

Fyrirkomulag sumarstarfa:

Fyrirkomulag framboðs vinnustunda er áætlað með sama sniði og undanfarin ár, 6 tímar á dag í 7 vikur fyrir yngsta hópinn 17 ára og 7 tímar á dag í 8 vikur fyrir 18 ára og eldri. Vinna hefst 1. júní og hægt er að hafa starfsmenn til 20. ágúst ef vinnutímabilið er innan þess sem fram kemur hér að ofan. Ef vinnutímabil er slitið í sundur og gefið frí þá skal það vera samfellt í einni lotu.

Taka þarf afstöðu til þess hvort félögin geti fengið svipaðan fjölda sumarstarfsmanna og undanfarin ár enda eru óskir þeirra í samræmi við það í flestum tilvikum. Einnig þarf að skoða með biðlistann en undanfarin ár hafa allir fengið vinnu hjá Garðabæ.

Vilhjálmur Kári Haraldsson
mannauðsstjóri